

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 258/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Snorra Þór Snorrasyni

(Ragnar H. Hall hrl.)

Fjárdráttur. Brot í opinberu starfi. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 12. júlí 1995. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun kemur fram, að óskað sé endurskoðunar dómsins í því skyni aðallega að fá málinu vísað frá héraðsdómi samkvæmt e-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, þar eð málið hafi ekki verið hæft til ákæru eftir frumrannsókn þess. Í greinargerð ákærða fyrir Hæstarétti er fallið frá þeirri kröfu. Hann krefst nú sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og verði hún skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst þyngingar á refsingu ákærða og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

I.

Í IV. og VI. kafla hins áfrýjaða dóms er rakið, hvernig ákærði kom því til leiðar sem starfsmaður Landsbanka Íslands á Selfossi, að bankinn gaf á tímabilinu frá janúar til ágúst 1990 út fimm tékka, samtals að fjárhæð 1.810.900 krónur, sem skuldfærðir voru sem útgerðarlán Sigurpáls hf. Allt lánið var skömmu síðar skuldfært á reikning Útgerðarfélagssins Hvols hf. við bankann. Ákærði fékk tékkana innleysta í öðrum lánastofnunum og hagnýtti sér sjálfur andvirði þeirra.

Ákærði starfaði í afurðalánadeild bankans og var eini starfsmaður þeirrar deildar. Hann skýrði svo frá fyrir dómi, að á verksviði

sínu hefði verið að útbúa útgerðarlán og afgreiða þau til banka-
stjóra. Var ákærði í aðstöðu til að koma því svo fyrir, að umrætt fé
var greitt úr bankanum í eigin þágu ákærða, en undir því yfirskini,
að um afgreiðslu útgerðarláns til Sigurpáls hf. væri að ræða. Er að-
ferð hans við fjártökuna lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hann leitaði
ekki eftir samþykki yfirmanna sinna til þessarar fjártöku. Samstarfs-
mönnum ákærða, er árituðu að beiðni hans þau skjöl, sem til þurfti,
var ókunnugt um þá heimildarlausu töku fjár, sem í þessum gerðum
hans fólst. Samkvæmt framburði Magnúsar Gíslasonar, útibússtjóra
Landsbankans á Selfossi, var það ekki fyrr en um vorið 1994, að
yfirmönnum ákærða varð ljóst þetta athæfi hans, er endurskoðandi
Útgerðarfélagssins Hvols hf. knúði á um svör frá bankanum við
spurningum, sem hann hafði áður án árangurs beint að ákærða sem
starfsmanni bankans. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst brotlegur
í starfi sínu hjá Landsbanka Íslands með því að taka sér fé. Skiptir
ekki máli, hver afstaða forráðamanna Sigurpáls hf. og síðar Útgerð-
arfélagssins Hvols hf. var til þessarar háttsemi ákærða.

II.

Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru. Eru brot hans þar einnig
rétt heimfærð til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákved-
in fangelsi í sex mánuði. Þegar til þess er litið, að ákærða hefur ekki
áður verið gert að sæta refsingu, þykir rétt með vísan til 57. gr. a
almennta hegningarlaga nr. 19/1940 að fresta fullnustu fjögurra mán-
aða hinnar dæmdu refsivistar og láta þann hluta hennar falla niður
að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur
almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakar-
kostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar
málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að frumrannsókn málsins hjá lögreglunni í Árnes-
sýslu var með nokkrum annmörkum. Auk ákærða voru þrír menn
kvaddir til skýrslugjafar, og leið óhóflega langur tími milli þess, að
einstakar skýrslur voru teknar. Við skýrslutöku af þeim, sem á eftir
ákærða komu, var þeim í upphafi kynntur framburður ákærða í stað
þess, að þeir skýrðu sjálfstætt frá málavöxtum. Aðfinnslum í hér-

aðsdómi um framkvæmd rannsóknar fyrir lögreglu er að öðru leyti ofaukið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snorri Þór Snorrason, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skip-aðs verjanda síns, Ragnars H. Hall hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 28. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað hér fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. janúar 1995, á hendur Snorra Þór Snorrasyni, Háengi 4, Selfossi. Í ákæruskjali er ákæruatriðum og dómkröf-um ákæruvalds lýst með eftirgreindum hætti:

... . fyrir fjárdrátt og brot í opinberu starfi. Ákærða er gefið að sök að hafa með misnotkun aðstöðu sinnar sem starfsmaður Landsbanka Íslands, Selfossi, komið því svo fyrir, að á tímabilinu janúar til ágúst 1990 voru út gefnir í bankanum eftirtaldir fimm tékkar á reikning bankans nr. 80282 og ranglega skuldfærðir sem útgerðarlán Sigurpáls hf., nr. 42007, Eyrarbakka, sem ákærði vann þá jafnframt bókhaldsstörf fyrir;

1. nr. 4604523, 1.350.000 kr., út gefinn 24. 1. og innleystur í banka s. d.,
2. nr. 4607874, 100.000 kr., út gefinn 2. 2. og innleystur í banka s. d.,
3. nr. 4605047, 84.600 kr., út gefinn 10. 4. og innleystur í banka 11. 4.,
4. nr. 4605049, 39.600 kr., út gefinn 18. 4. og innleystur í banka 20. 4.,
5. nr. 4615351, 236.700 kr., út gefinn 8. 8. og innleystur í banka 9. 8.,

samtals 1.810.900 kr., en tékkana tók ákærði sjálfur og framseldi í nafni Sig-urpáls hf., en fénytítti andvirði þeirra í sjálfs sín þágu, þ. á m. til greiðslu uppboðsskuldur.

Fjárdrætti sínum leyndi ákærði í fyrstu með fyrrgreindum skuldfærslum eða skýringum innan bankans, að um væri að ræða útgerðarlán Sigurpáls hf., en 4. september 1990 færði ákærði ranglega og heimildarlaust þá skuld-færslu Sigurpáls hf. yfir á Hvol hf. sem útgerðarlán þess nr. 43011, en það fé-

lag átti á þeim tíma aðild að rekstri Sigurpáls hf., og bæði voru þau í eigu sömu aðila.

Brot ákærða teljast varða við 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði tók til varnar í málinu, og sætti málið aðalmeðferð og munnlegum málflytningi samkvæmt 129. gr. laga nr. 19/1991. Aðalmeðferð fór fram 22. og 24. f. m.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir, og dæmdur til refsingar samkvæmt þar tilvitnuðum lagagreinum. Ákærði verði jafnframt dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóði.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og málsvarnarlaun, hæfilega ákveðin af dómara, verði greidd úr ríkissjóði.

Upphaflega var málið tekið til dóms 24. f. m., en fyrr í dag ákvað dómari að endurupptaka málið, svo að unnt væri að koma að frekari gögnum til skýringar á málavöxtum, sbr. 131. gr. laga nr. 19/1991. Að lokinni þeirri framhaldsmeðferð var málflytjendum gefinn kostur á að gera athugasemdir til viðbótar málflytningi sínum, en þeir töldu ekki þörf á því. Málið var síðan dómtekið á nýjan leik og dæmt samdægurs.

II.

Hinn 21. júní 1994 ritaði lögfræðingur Landsbanka Íslands sýslumanninum í Árnassýslu bréf og fór þar fram á rannsókn á ætluðu misferli starfsmanns Landsbanka Íslands. Upphaf bréfsins er á þessa leið:

„Landsbanka Íslands, Selfossi, hefur borist kæra um misferli starfsmanns útibúsins. Kærandi er Þórður Þórðarson, Hvoli, Eyrarbakka, forstjóri útgerðarfélagssins Hvals hf. og Sigurpáls hf. . .“ Kæruatriðum er síðan lýst með sama hætti og gert er í ákæru og ákærði nafngreindur sem sá starfsmaður, er kærán beinist að. Í bréfinu segir síðan:

„Þegar Þórði varð þetta ljóst, trúlega árið 1991, hefði hann vegna vinskapar við Snorra ekki viljað upplýsa bankann um þetta, enda hefði Snorri ávallt lofað að koma þessu í lag, er þetta var rætt þeirra í millum.

Kærandi hefur ekki lagt fram skriflega kæru, en munnlega, við útibússtjóra Selfossútibús, Magnús Gíslason, svo og lögfræðing bankans, Reinhold Kristjánsson, í viðurvist lögmanns síns, Þorsteins Júlíussonar hrl.

Er því óskað eftir rannsókn embættis yðar á ofangreindum kæruatriðum.“

Bréf lögmannsins verður ekki skilið með öðrum hætti en Landsbanki Ís-

lands og Þórður Þórðarson f. h. Hvols hf. og Sigurpáls hf. hafi sameiginlega staðið að kærinni, en eins og fram kemur í ákæru, hafði ákærði með höndum bókhaldsstörf fyrir Sigurpál hf. samtímis því að vera starfsmaður bankans. Kærubréfinu fylgdu tékkarnir fimm, sem ákærði var talinn hafa fénytt sér, og ráðstöfunarlisti, er sýndi, að útgerðarlán Sigurpáls nr. 42007, að fjárhæð 2.012.583 kr., var 4. september 1990 fært yfir á Hvol hf. sem lán nr. 43011. Einnig fylgdi kærubréfinu bréf endurskoðunar bankans til lögmanns bankans, dagsett 21. júní 1994, þar sem greint var frá útgáfu og innlausn tékkanna, og kom þar eftirfarandi fram:

„Samkvæmt gögnum hafa eftirfarandi tékkar verið gefnir út á tékka-reikning nr. 80282 við bankann á Selfossi, stílaðir á Sigurpál hf. og fram-seldir við innlausn af Snorra Snorrasyni, starfsmanni bankans. Tékkarnir voru seldir í ýmsum bankastofnunum á Selfossi, en aldrei í Landsbankanum. . .“ Síðan voru tékkarnir taldir upp, fjárhæð þeirra tilgreind svo og, hvaða númer þeir bæru, hvaða dag þeir hefðu hver um sig verið innleystir og í hvaða banka.

Yfirheyrslur í málinu hófust hjá rannsóknarlögreglunni á Selfossi 17. ágúst 1994, og lauk rannsókninni 10. nóvember 1994. Var málið síðan sent ríkissaksóknara 17. nóvember s. á., og gaf hann, eins og að framan greinir, út ákæru í málinu 5. janúar 1995. Hinn 13. september 1994 gaf Þórður Þórðarson skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Selfossi, en hann lést nokkrum dögum síðar, 24. september s. á., og kom því ekki til þess, að hann gæfi skýrslu í málinu fyrir dómi.

III.

Hinn 6. október 1977 hóf ákærði störf hjá Landsbanka Íslands, Selfossi. Er ákærða var sagt upp störfum hjá bankanum 1. júlí 1994, er kæra hafði borist lögreglu, var hann fastráðinn starfsmaður bankans, starfaði í afurðalánadeild og bar starfsheitið fulltrúi. Ákærði mun hafa verið eini starfsmaður afurðalánadeildar Selfossútíbús og hafði þá um árabíl veitt þeirri deild forstöðu. Ákærði telur, að það hafi verið um haustið 1989, sem Þórður Þórðarson, Hvoli, Eyrarbakka, kom að máli við sig og óskaði eftir því, að hann sæi um bókhald fyrir sig, en Þórður rak útgerð og þá um leið útgerðarfyrirtækin Hvol hf. og Sigurpál hf. Bæði voru þessi fyrirtæki með viðskiptareikning í Landsbanka Íslands, Selfossi, en einnig mun fyrirtækið Kór hf. hafa verið tengt útgerð Þórðar. Ákærði kynnti yfirmanni sínum, Magnúsi Gíslasyni, útíbússtjóra Landsbanka Íslands, Selfossi, um tilboð Þórðar og taldi sig hafa fengið heimild hans til að vinna aukastarf í þágu útgerðar Þórðar jafnframt aðalstarfi sínu í bankanum. Útíbússtjórinn telur, að hann hafi látið þetta átölulaust, en staðfestir, að ákærði hafi kynnt sér vinnutil-

boð Þórðar. Störf sín hjá fyrirtækjum Þórðar Þórðarsonar, Sigurpáli hf. og Hvoli hf., segir ákærði, að hafi aðallega verið fólgin í því að færa bókhald Sigurpáls hf. og Kórs hf., og auk þess hafi hann séð um að ganga frá kauptryggingum og uppgjöri á sölu erlendis. Þá hefur ákærði upplýst, að hann hafi hafið störf hjá fyrirtækjum Þórðar Þórðarsonar haustið 1989, hætt þar störfum 5. júní 1991, en byrjað aftur í júlí 1992, en síðan endanlega hætt í september 1993. Þessi aukastörf kvaðst ákærði hafa unnið á skrifstofu Hvols hf. á Eyrarbakka. Hallgrímur Þorsteinsson, endurskoðandi hjá Endurskoðunarmiðstöðinni Coopers & Lybrand hf., hefur upplýst, að árið 1990 hafi bókhald Hvols hf. verið fært af C.&L. hf., og hafi svo verið síðan að undanskildu árinu 1992, en þá hafi ákærði séð um að færa bókhald Hvols hf. Í skýrslu, er endurskoðandinn gaf út vegna þessa máls, kemur einnig eftirfarandi fram:

„ . . . Á árunum 1988 – 1990 átti Hvoll hf. aðild að rekstri tveggja útgerðarfyrirtækja, Kórs hf. og Sigurpáls hf. . . . Á árinu 1989 keypti Hvoll hf. helming í ms. Páli, ÁR-401, á móti Gunnari Egilssyni/Haldi hf. Jafnframt var stofnað hlutafélag, Sigurpáll hf., um rekstur Páls, ÁR-401. . . . Hvoll hf. seldi hlut sinn í Páli, ÁR-401, í árslok 1990, og árið 1991 seldi Þórður ásamt fjölskyldu sinni jafnframt hluti sína í Sigurpáli hf. Þórður Þórðarson, aðal-eigandi Hvols hf., var framkvæmdastjóri þessara félaga, og eiginkona hans var gjaldkeri, en bókhald önnuðust Ingibjörg og Snorri Snorrason. . . .“

Útgerðarfyrirtæki Þórðar Þórðarsonar, sem hér skipta máli, eru Sigurpáll hf. og Hvoll hf., en Gunnar Egilsson, sem einnig átti aðild að Sigurpáli hf., var skipstjóri á Páli, ÁR-401, en kom ekki að daglegum rekstri fyrirtækisins. Þórður Þórðarson var stjórnarformaður Hvols hf. og framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Ingibjörg, eiginkona Þórðar, var einnig í stjórn fyrirtækisins. Þórður Þórðarson var einnig stjórnarformaður Sigurpáls hf. og framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Með Þórði í stjórn fyrirtækisins sátu Ingibjörg, eiginkona Þórðar, og Gunnar Egilsson. Sigurpáll hf. gerði út bátinn Pál, ÁR-401. Þótt ákærði og eiginkona Þórðar hafi samkvæmt skýrslu endurskoðandans fært bókhald Sigurpáls hf., mun einungis hafa verið um forvinnu að ræða, en bókhaldsgögn send C.&L. hf., er síðan sáu um lokafrágang bókhalds. Ákærði var ekki með prókúru fyrir fyrirtæki Þórðar, hvorki Sigurpál hf. né önnur fyrirtæki, er tengdust Þórði.

IV.

Í ársbyrjun 1990 var fasteign ákærða, Tryggvagata 1, Selfossi, í uppboðsmeðferð og skyldi boðin upp 24. janúar s. á. Sama dag lét ákærði gefa út tékka, að fjárhæð 1.350.000 krónur, á reikning bankans og sagði vera út-

gerðarlán Sigurpáls hf., nr. 42007. Svo að unnt væri að gefa tékkann út, varð ákærði að fara með fylgiskjal, þ. e. lánveitingarskjal, til gjaldkera, er síðan gaf tékkann út á útgerðarfélagið Sigurpál hf. Ákærði fór síðan með tékkann í Búnaðarbankann á Selfossi og framseldi hann þar í nafni Sigurpáls hf.

Í málinu liggur fyrir viðurkenning ákærða við því, að hann hafi fénýtt sér andvirði tékkans og alla þá tékka, sem í ákæru greinir. Kveðst ákærði hafa notað þá til að greiða lán, sem á sér hvíldu. Reikningarnir voru allir stílaðir á Sigurpál hf. og framseldir af ákærða f. h. Sigurpáls hf. og þriðji tékkinn, að fjárhæð 84.600 kr., einnig af Sigurvini J. Sigurvinsyni. Þennan tékka lét hann kunningja sinn, Sigurvin J. Sigurvinsson, innleysa, en eftir sem áður fénýtti ákærði sér tékkaandvirðið. Ekki var um það að ræða, að ákærði innleysti tékkana í Landsbanka Íslands, Selfossi, heldur fór hann með þá í aðrar bankastofnanir á Selfossi. Var fyrsti tékkinn, sem var, eins og að framan greinir, að fjárhæð 1.350.000 krónur og gefinn út 24. janúar 1990, innleystur í Búnaðarbankanum á Selfossi sama dag. Hinn 2. febrúar 1990 lét ákærði útbúa annan tékka á Sigurpál hf., nú að fjárhæð 100.000 krónur, og innleysti í Samvinnubankanum á Selfossi sama dag. Hinn 10. apríl 1990 var að tilhlutan ákærða gefinn út tékki á Sigurpál hf., nú að fjárhæð 84.600 krónur, og var hann daginn eftir innleystur í Samvinnubankanum á Selfossi, eins og að framan greinir, af kunningja ákærða. Fjórða tékkann lét ákærði gefa út 18. apríl 1990, að fjárhæð 39.600 krónur, og innleysti hann síðan tveimur dögum síðar í Íslandsbanka á Selfossi. Fimmta og síðasta tékkann, sem var að fjárhæð 236.700 krónur, lét ákærði gefa út 8. ágúst 1990, en innleysti síðan daginn eftir í Samvinnubankanum á Selfossi. Ekki var um það að ræða, að sami gjaldkeri gæfi tékkana út né að sami gjaldkeri gæfi út fleiri en einn tékka. Ekki hefur ákærði tengt þessa eða aðra starfsmenn bankans við mál þetta, og eru starfsmenn bankans ekki grunaðir um hlutdeild í ætluðu broti ákærða.

Eins og að framan greinir, fylgdi kæru til lögreglu afrit af svonefndum ráðstöfunarlista, er sýndi, að útgerðarlán Sigurpáls hf. nr. 42007, að fjárhæð 2.012.583 kr., var fært yfir á Hvol hf. 4. september 1990. Við meðferð málsins hefur ákærði upplýst, að fjárhæð þessi sé útgerðarlán, sem tekið var á tímabilinu frá 24. janúar 1990 til 8. ágúst s. á., að viðbættum vöxtum, er á lánið féllu frá útgáfudegi til yfirfærsludags 4. september 1990, svo að lánið stóð þá í 2.012.583 krónum. Er í gögnum málsins á nokkrum stöðum vikið að þessari yfirfærslu. Er þess þá fyrst að geta, að 10. nóvember 1994 ritar Hallgrímur Þorsteinsson, endurskoðandi hjá C.&L. hf., rannsóknaraðilum bréf og vikur sérstaklega að þessari ráðstöfun. Hefur endurskoðandinn komið fyrir dóminn og staðfest skýrslu sína, en þar kemur þetta m. a. fram:

„ . . . Við færslu bókhalds Hvols hf. og uppgjör ársins 1990, sem unnið var í júní 1991, kom í ljós, að 4. 9. 1990 hafði verið borgað út af útgerðarláni Hvols hf. nr. 43011 2.012.583 kr. Þegar óskað var eftir fylgiskjöllum og upplýsingum um ráðstöfun þessa láns, tjáði Þórður Þórðarson okkur, að hann vissi ekki, hvaða færsla þetta væri. Þar sem engin fylgiskjöl voru lögð fram, hvorki frá Hvoli né frá bankanum, var ekki um annað að ræða en færa umrædda útborgun á útgerðarláni á viðskiptareikning Þórðar hjá Hvoli hf., þar til fullnægjandi fylgiskjöl bærust, og var honum gerð grein fyrir því. Árið 1990 hafði Þórður staðið í miklum framkvæmdum við að innrétta íbúðarhús að Hjarðartúni, sem keypt var á árinu, auk þess að skipta um bíl o. fl., og því hafði fjárþörf hans á árinu verið veruleg. Í tengslum við uppgjör ársins 1992, sem fram fór vorið 1993, tjáði Þórður okkur enn, að hann kannaðist ekki við, að Hvoll hf. skuldaði Landsbankanum á Selfossi svo hátt útgerðarlán sem yfirlit bankans sýndi, og bað okkur að kanna málið. Þegar farið var að skoða færslur útgerðarlánsins, var eðlileg skýring á öllum færslum að undanskilinni ofangreindri útborgun frá 4. september 1990. Að höfðu samráði við Þórð var um það rätt, að hann myndi setja sig í samband við Landsbankann á Selfossi og leita skýringa á þessari útborgun. Komum við ekki að þessu máli aftur fyrr en haustið 1993, er við fórum að leita skýringa hjá Landsbankanum að beiðni Þórðar, sem hafði ekki fengið nein svör við fyrirspurnum sínum. . . “

Í skýrslunni eru síðan rakin samskipti C.&L. hf. við Landsbanka Íslands á Selfossi varðandi útborgun á útgerðarláni Hvols hf. 4. september 1990. Hinn 20. september 1993 fá C.&L. þær skýringar, að útgerðarlánið, sem fært var yfir á Hvol hf. 4. september 1990, að fjárhæð 2.012.583 kr., hefði gengið til að greiða upp útgerðarlán í Sigurpáli hf., en C.&L. benda á, að samkvæmt bókhaldi Sigurpáls hf. komi þessi greiðsla ekki fram þar. Á tímabilinu frá október til desember 1993 áttu C.&L. símtöl við ákærða, sem var þá, eins og að framan greinir, starfsmaður Landsbanka Íslands, Selfossi, og báðu hann um gögn varðandi málið. Ákærði sendi þeim m. a. yfirlit 6. og 30. desember 1993. Þau yfirlit gáfu að mati C.&L. hf. eingöngu þær upplýsingar, að útborgun af útgerðarláni Hvols hf. hefði farið til að greiða upp útgerðarlán Sigurpáls hf. nr. 42007, en segja, að ákærði hefði ekki veitt neinar upplýsingar um ráðstöfun þess útgerðarláns hjá Sigurpáli hf. Hinn 12. janúar 1994 senda sömu aðilar bankanum skriflega fyrirspurn um málið og taka sérstaklega fram, að lánið sé ekki til í bókhaldi Sigurpáls hf. Engin svör fengu C.&L. frá ákærða, þótt bréfið væri stílað til hans. Hinn 24. janúar 1994 eiga C.&L. símtal við bankastjóra Landsbanka Íslands, Selfossi, og ítreka óskir um svör við fyrirspurninni til ákærða frá 12. janúar 1994.

Hinn 1. mars 1994 fá C.&L. send yfirlit frá bankanum um útgerðarlán Sigurpáls hf. nr. 42007. Hinn 4. mars 1994 senda C.&L. bankastjóranum enn bréf og ítreka þar ósk um upplýsingar um ráðstöfun útborgana, sem greiddar höfðu verið út af útgerðarláni Sigurpáls hf. nr. 42007. Hinn 15. mars 1994 fá C.&L. sent símbréf frá bankanum, og segir þar, að lánin, sem skuldfærslan byggðist á, hefðu öll verið greidd með ávísunum. Í framhaldi af því fara C.&L. skriflega fram á að fá afrit af framsali ávísananna og ítreka slíka ósk 22. apríl 1994. Hinn 5. maí s. á. fá C.&L. ljósrit af ávísunum þessum.

Í framburði Magnúsar Gíslasonar bankastjóra kemur fram, að hann hafi, er honum bærust kvartanir frá C.&L. um, að þeir fengju engin svör, áréttað það við ákærða að leita gagnanna, en það engan árangur borið. Sagði vitni þetta, að afgreiðslustjóri í bankanum hefði nú tjáð vitninu, að ekki væri allt með felldu, og þá strax hefði hann sett annan mann í að afla umbeðinna upplýsinga og þá loks verið hægt að veita C.&L. svör við fyrirspurnunum.

Í lok skýrslu sinnar til rannsóknaraðila getur endurskoðandi þess, að í bókhaldi Sigurpáls hf. fyrir árið 1989 hafi verið bókfærð krafa Sigurpáls hf. á ákærða, að fjárhæð 200.000 krónur, en 4. september 1990 hafi útgerðarlán Hvals hf. verið skuldfært fyrir 200.000 kr., en innborgunin farið til Sigurpáls hf. á tékkareikning 1870 til að greiða upp skuld ákærða við Sigurpál hf. Skýrslunni lýkur með því, að greint er frá framburði ákærða um síðasta tékkann, nr. 4615351, að fjárhæð 236.700 kr., og að C.&L. hafi ekki fyrr en 15. mars 1994 verið kunnugt um tékkann nr. 4615351, þ. e. þegar C.&L. fengu sent yfirlit um ráðstöfun lánveitinga útgerðarláns nr. 42007 hjá Sigurpáli hf., og ítreka nú enn og aftur, að það lán hafi aldrei komið fram í bókhaldi Sigurpáls hf.

V.

Við þingfestingu málsins 7. febrúar sl. krafðist verjandi ákærða þess m. a., að aflað yrði frekari gagna af útteknum og innlögnum ákærða af tékkareikningi Sigurpáls hf., einkanlega árið 1990. Varð ákærandi við því, og í framhaldi af því hlutaðist hann til þess, að C.&L. yrði ritað bréf, þar sem óskað væri eftir eftirfarandi gögnum úr bókhaldi:

„Fylgiskjal merkt 202, dagsett 31/12 1990, fylgiskjal merkt 207, dagsett 4/9 1990, ásamt öllum undirgögnum þeim tilheyrandi“.

Umbeðin gögn bærust ákærandanda með bréfi C.&L., dagsettu 21. febrúar sl., og voru lögð fram á dómþingi 2. mars sl. Fyrra fylgiskjalið (merkt 202) er símbréf frá Landsbanka Íslands, Selfossi, frá 18. júní 1991 og sýnir, að við yfirlit 4. september 1990 hafi 200.000 króna greiðsla verið millifærð inn á bankareikning Hvals hf. nr. 1870. Á símbréfið er handritað:

„Hvöll lánar Snorra, svo að hann geti greitt skuld sína við Sigurpál.“

Í þessu sambandi vísa C.&L. til skýringa ákærða til þeirra á tékka, að fjárhæð 236.700 krónur. Ákærði heldur því fram, að fyrrgreind áritun sé frá Ingibjörgu, eiginkonu Þórðar, komin, en því hefur Ingibjörg þverneitað. Eins og síðar greinir, er fjallað verður um síðara fylgiskjalið, er því haldið fram af Hallgrími Þorsteinssyni endurskoðanda, að faxesending þessi sé frá ákærða komin, á meðan hann var enn starfsmaður Landsbankans á Selfossi og starfsmaður C.&L. Sigurbjörg Halldórsdóttir hafi handritað þetta á símbréfið sem skýringar ákærða á millifærslunni.

Síðara fylgiskjalið, merkt 207, er almenn skilagrein frá Landsbanka Íslands, Selfossi, um útgerðarlánið, að fjárhæð 2.012.583 kr., sem fært var á Hvol hf. 4. september 1990. Á þessa skilagrein, sem send var C.&L. í símbréfi 18. júní 1991, eru vélritaðar skýringar ákærða til C.&L. Þar segir:

„Lán til Þórðar, sem ranglega var fært á Sigurpál hf. (innskot dómara: eyða, en síðan kemur) eitt upp ásamt vöxtum. (Sendi þér yfir þetta, þegar þú færðir Pál (innskot dómara: eyða, en síðan kemur og áfram í sviga) num tíma).“

Þar fyrir neðan er svohljóðandi handritaður texti:

„19/6 '91. Skv. uppl. Snorra fékk Þórður privat pen., sennilega vorið 1990, sem rekstrarlán út á Hvol. Fyrir mistök var það í fyrstu skráð á Sigurpál.“

Í þessu sambandi (bréf, dags. 21. febrúar 1995) vísa C.&L. til bréfsins frá 10. nóvember 1994, þegar greint er frá útborgun af útgerðarláni Hvols hf. nr. 43011 í Landsbanka Íslands á Selfossi 4. september 1990, en þar sagði m. a. í inngangi, að samkvæmt ósk Þórðar Þórðarsonar hafi að jafnaði verið haft samband við ákærða, starfsmann í afurðalánadeild Landsbanka Íslands á Selfossi, ef einhver gögn, fylgiskjöl eða upplýsingar vantaði varðandi langtímalán, afurðalán o. fl., er fór um útibú Landsbankans á Selfossi. Þetta hafi átt við um öll félögin, þ. e. Hvol hf., Kór hf. og Sigurpál hf., enda hafi ákærði verið vel heima í þeim peningatilfærslum, sem urðu hverju sinni, og hafi oftsinnis veitt þær upplýsingar, sem C.&L. hafi vantað. Í bréfi sínu frá 21. febrúar 1995 vikur endurskoðandi, Hallgrímur, síðan sérstaklega að fylgiskjali þessu með eftirgreindum hætti:

„Eins og fylgiskjal 207 ber með sér, er hér um að ræða faxesendingu frá Landsbanka Íslands á Selfossi, dags. 18. júní 1991. Sending þessi kom frá Snorra Þór Snorrasyni, og hefur hann vélritað skýringu inn á blaðið. Þar vísar hann til þess að hafa sent okkur yfir þessa færslu við uppgjör Sigurpáls hf. (v/ Páls, ÁR-401) á sínum tíma. Eins og áður hefur komið fram, höfðum við aldrei fengið gögn er tilgreindu útborganir þær af útgerðarláni Sigurpáls hf., sem eru að baki umræddri færslu. Því höfðum við samband

við Snorra Þór Snorrason 19. júní 1991, daginn eftir faxesendingu hans, til að fá upplýsingar um ráðstöfun þessara peninga. Skýringar þær, er hann gaf okkur þá, voru skráðar á faxesendinguna. Skýringar Snorra Þórs Snorrasonar á umræddri færslu, bæði þær, er komu vélritaðar á faxesendingu frá honum, og þær, er skráðar voru eftir samtal við hann 19. júní 1991, eru grundvöllur þess, að við bókfærðum úttekt á einkareikning Þórðar Þórðarsonar, að fjárhæð 2.012.583 kr. Í áðurgreindu bréfi okkar, dags. 10. nóvember 1994, bls. 2, segir m. a.: „Þar sem engin fylgiskjöl voru lögð fram hvorki frá Hvoli né bankanum. . .“ Til skýringar þessu orðalagi viljum við taka fram, að þar sem engin frumrit vegna umræddrar færslu voru lögð fram, hvorki yfir þessa færslu né yfir lán til Þórðar (eins og segir í skilaboðum Snorra á faxinu), höfum við litið svo á, að hér væri ekki um fullnægjandi fylgiskjal að ræða.“

Þessa skýrslu sína hefur endurskoðandi, Hallgrímur Þorsteinsson, staðfest hér fyrir dóminum. Í framburði sínum tekur vitnið fram, að Sigurbjörg Halldórsdóttir, starfsmaður C.&L., hafi handritað skýringar ákærða á millifærslunni inn á fylgiskjalið 19. júní 1991, daginn eftir að C.&L. fengu símbréfið frá ákærða. Ákærði heldur því hins vegar fram, að Ingibjörg, eiginkona Þórðar, hafi handritað þessar skýringar á fylgiskjalið, en því hefur Ingibjörg algerlega neitað. Frumrit skilagreinarinnar hefur hins vegar ekki komið í leitirnar, en Ingibjörg, ekkja Þórðar, telur, að frumritið gæti verið í bókhaldi Sigurpáls hf., sem nú er í eigu Gunnars Egilssonar, fyrrverandi sameiganda Þórðar Þórðarsonar.

Við þingfestingu málsins óskaði verjandi einnig eftir, að aflað yrði gagna af tékkareikningi (sic) Sigurpáls hf., einkanlega árið 1990. Ljóst er, að Sigurpáll hf. átti viðskiptamannareikning (tékkareikning) nr. 1870 í Landsbanka Íslands, Selfossi. Málsaðilar hafa við meðferð málsins ekki lagt fram gögn um þennan hlaupareikning, en í þinghaldi 17. mars sl. óskaði verjandi ákærða eftir því að fá að leggja fram ljósrit af sjö mánaðarlegum yfirlitum frá 28. febrúar 1990 til og með 31. ágúst 1990, útgerðarlánareikningi (afurðalánareikningi) Sigurpáls hf. nr. 42007 og afurðalánareikningi Páls hf. nr. 44010 frá 31. júlí 1990. Ekki þykir framlagning þessara skjala gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Við þingfestingu krafðist verjandi þess einnig, að lögð yrði fram hljóðsnælda, sem hann sagði, að ákærði hefði afhent Þorgrími Óla Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni, er ákærði kom til fyrri yfirheyrslu hjá honum 17. ágúst 1994. Einnig hér varð ákærandi við beiðni verjanda, og var hljóðsnældan send ásamt vélrituðu skjali, er hafði að geyma það, sem á hljóðsnældunni var og verjandi taldi tengjast málinu. Er þar getið um rödd A og

rödd B. Rödd A var af verjanda sögð vera rödd ákærða, en rödd B rödd Þórðar heitins Þórðarsonar. Hljóðsnældan ásamt endurritinu var lögð fram á dómþingi 17. mars sl. Ekki þykir hér vera tilefni til að fjalla sérstaklega um hana, en vikið verður að henni, er framburður verður rakinn, sönnunarfærsla metin og niðurstaða tilgreind.

Verður nú nánar vikið að afstöðu ákærða til ákæruatriða sem og framburði vitna.

VI.

Ákærði viðurkenndi að hafa komið því til leiðar, að framangreindir fimm tékkar voru gefnir út á reikning bankans og að þeir hefðu verið skuldfærðir sem útgerðarlán Sigurpáls hf., samtals að fjárhæð 1.810.900 kr. Hann viðurkenndi einnig að hafa framselt alla tékkana í nafni Sigurpáls hf. og fengið kunningja sinn, Sigurvin Sigurvinsson, til að framselja tékka, að fjárhæð 84.600 kr. Hann viðurkenndi að hafa fénytt sér þá alla, þar á meðal til greiðslu uppboðsskuldar, sem hvíldi á húseign hans, Tryggvagötu 1. Málsvörn sín byggist hins vegar á því, að hann hafi haft fulla heimild til þessarar skuldfærslu og að ráðstafa útgerðarláninu í eigin þágu, þar sem Þórður Þórðarson hafi veitt sér slíka heimild. Þórður hafi boðið sér aðstoð, til að hann kæmist út úr fjárhagsvandræðum þeim, sem hann var í. Hann viðurkenndi einnig, að starfsmenn bankans og þar með yfirmenn hans þar hefðu ekki vitað um þá fyrirgreiðslu, sem hann fékk þannig á kostnað Sigurpáls hf., og sagði, að hann hefði haft góða aðstöðu til að koma slíkra fyrirgreiðslu í kring, þar sem verksvið sitt í bankanum hefði verið að útbúa útgerðarlán og afgreiða þau til bankastjóra. Ekki bar ákærði þessa lánveitingu undir bankastjóra til samþykktar. Hann viðurkenndi einnig, að hann hefði ekki látið leggja lánið inn á viðskiptareikning Sigurpáls hf. í bankanum og ekki upplýst starfsmenn C.&L. hf., sem færðu bókhaldið, um tilkomu lánsins og ráðstöfun á því. Gaf hann þá skýringu í því sambandi, að Þórður hefði ekki viljað, að þær upplýsingar bærust þangað, þar sem Þórður hefði ekki haft heimild stjórnar fyrirtækisins til þess að veita sér lánið. Lánið hefði ekki heldur verið fengið með heimild bankastjóra. Ákærði sagði, að sú staðreynd gæti að mati Þórðar skaðað viðskipti hans í bankanum. Hins vegar var á ákærða að skilja, að þessi afstaða Þórðar hefði komið sér á óvart, því að hann hefði, þegar hann þáði lánið, talið, að Þórður hefði átt fullan rétt á að veita sér þetta lán, og ekki hefði hvarflað að sér, að hugsanlega hefði Þórður ekki neina heimild til þess. Þá var á ákærða einnig að skilja, að heimild Þórðar fyrir lántökunni hefði verið bundin því skilyrði, að gefinn yrði út tryggingarvixill. Sagðist ákærði hafa farið til móður sinnar

og fengið hana til að gefa út tryggingarvixil, að fjárhæð 1.350.000 kr., þ. e. sömu fjárhæðar og nam láninu frá 24. janúar 1990. Tryggingarvixil þennan hefði hann síðan farið með til Þórðar. Hann kvað Þórð hins vegar ekki hafa talið þörf á því, að gefinn væri út tryggingarvixill fyrir þeim lántökum, er síðar komu, því að þar væri ekki um háar fjárhæðir að ræða og stóra lánið væri vel tryggt með tryggingarvixlinum. Þótt lántakan hefði verið útgerðarlán Sigurpáls hf., kvaðst hann ekki hafa fært hana í bókhald Sigurpáls hf., því að Þórður hefði ekki viljað, að það kæmi fram í bókhaldinu, vegna sérstöðu lánsins. Um persónulegt lán til sín sjálfs hefði verið að ræða. Eins og sérstaklega verður að vikið hér síðar, neitaði Þórður eindregið að hafa veitt ákærða lán með þessum hætti, og sömuleiðis, að hann hefði nokkurn tíma fengið tryggingarvixil, að fjárhæð 1.350.000 kr., frá ákærða.

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði 4. september 1990 fært útgerðarlánið yfir á Hvol hf. sem útgerðarlán Hvals hf. nr. 43011. Hann hefði hins vegar alls ekki gert þetta í heimildarleysi, því að Þórður hefði beðið sig að sjá um þessa yfurfærslu. Hann kvað ástæðuna til yfurfærslunnar hafa verið þá, að Þórður hefði gengið út úr Sigurpáli hf., um leið og hann seldi meðeiganda sínum það fyrirtæki, og því beðið sig að ganga frá því, að lánið færðist yfir á Hvol hf. Eins og að framan greinir, kannaðist ákærði ekki við að hafa veitt C.&L. þær upplýsingar, sem ritaðar væru á símbréfið (fylgiskjal merkt 207). Kvað hann þær upplýsingar, sem þar kæmu fram, vera upplýsingar, er eiginkona Þórðar hefði veitt C.&L. Ákærði hélt því fram, að tryggingarvixil þann, sem hann hefur tengt við málið, hefði hann afhent Þórði Þórðarsyni að kvöldi 23. janúar 1990. Ákærði kvaðst hafa haft 55.000 krónur á mánuði fyrir störf sín hjá fyrirtækjum Þórðar. Hann staðfesti, að Þórður hefði vitað um bágan fjárhag sinn, og sagði, að það hefði ekki komið í veg fyrir, að hann lánaði sér 1.810.900 krónur. Jafnframt kvað ákærði það rétt skilið, að ef fullyrðing sín væri rétt, hefði það þýtt, að Þórður hefði þurft að taka lán sömu fjárhæðar og hann lánaði honum. Ákærði kvaðst hafa notað síðasta tékkann, að fjárhæð 236.700 krónur, til að borga vixilskuld, sem á sér hvíldi, í Landsbankanum í Þorlákshöfn. Ákærði gat ekki gefið skýringu á því, hvers vegna hann hefði ekki upplýst yfirmenn sína í bankanum um málið, áður en til lántökunnar kom, svo að ljóst væri, hvort honum sem starfsmanni bankans væri heimilt að fá lán með þessum hætti. Kvaðst hann ekki hafa haft hugmynd um, hvort hann hefði mátt þiggja lán með þessum hætti, en ekki séð aðra leið til að komast út úr fjárhagsvandrunum en taka lánið með fyrrgreindum hætti, án þess að fyrir lægi samþykki yfirmanna hans við slíkri lántöku. Hann viðurkenndi, að eftir á að hyggja hefði verið réttara að fá samþykki yfirmannanna á lántökunni.

Eins og að framan greinir, lést Þórður Þórðarson, áður en málið var höfðað, en hann hafði rétt fyrir andlát sitt gefið skýrslu hjá rannsóknaraðilum, á meðan málið var á rannsóknarstigi. Efnislega er framburður Þórðar á þessa leið:

Þórður kvaðst aldrei hafa leyft ákærða að nota afurðalánið og ekki haft hugmynd um, að hann hefði tekið lánið. Árið 1991 hefði hann skynjað, að eitthvað sérkennilegt var við afurðalán Sigurpáls hf. Hefði hann þá látið endurskoðanda fara yfir málið og jafnframt minnst á málið við ákærða, en ákærði ekki svarað öðru til en því, að um einhver mistök eða misskilning væri að ræða, og því hefði hann treyst, en ákærði hefði verið starfsmaður Sigurpáls hf. og kunningi sinn. Fljótlega eftir að hann fór að kanna málið, kvaðst hann hafa rætt við Magnús Gíslason útibússtjóra, en ekkert komið út úr þeim málum. Botn hefði ekki fengist í málið, fyrr en Hallgrímur Þorsteinsson endurskoðandi hefði gengið í það, og þá komið í ljós, að ákærði hafði tekið afurðalán út á Sigurpál hf., án þess að hann hefði vitneskju um það eða gefið ákærða heimild til lántökunnar.

Ekkja Þórðar, Ingibjörg Jóhannesdóttir, kvaðst alls ekki vita til þess, að eiginmaður sinn hefði nokkru sinni heimilað ákærða að taka lán hjá Sigurpáli hf. og nota í eigin þágu. Kvað vitnið alrangt, sem ákærði héldi fram um vitneskju hennar um tvær fyrstu lántökurnar og heimild eiginmanns síns fyrir þeim. Sagði vitnið, að það, sem ákærði héldi fram í þessu sambandi, væri hreinlega ósatt. Annað mál væri, að hún hefði frétt það hjá eiginmanni sínum, að ákærði hefði á sínum tíma tekið í heimildarleysi 200.000 króna lán. Hefði eiginmaður sinn litið svo á, að um orðinn hlut væri að ræða og lítið annað að gera en láta ákærða endurgreiða þessa skuld. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir því, að ákærði var skuldfærður fyrir þessari fjárhæð í bókhaldi Hvols hf. og sennilega áður í bókhaldi Sigurpáls hf. Vitnið sagði, að verkaskipting í fyrirtækinu Sigurpáli hf. hefði verið sú, að þau hjónin hefðu séð um fjármál, en Gunnar Egilsson, sem var í stjórn fyrirtækisins með þeim hjónum, hefði verið skipstjóri á Páli, ÁR-401, og því séð um að fiska. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vör við, að ákærði hefði farið niður á Eyrarbakka til að sækja fyrirtækisstimpilinn, en sagði, að ákærði hefði haft lykil að skrifstofunni, þar sem stimpillinn var geymdur, og það helgast af því, að þau treystu honum. Vitnið kvað það alls ekki rétt, sem ákærði héldi fram, að það hefði ritað skýringar á fylgiskjöl, merkt 202 og 207, um tvö hundruð þúsund króna lántöku og yfirfærslu heildarlánsins 4. september 1990 yfir á Hvol hf., og sagðist vitnið alls ekki eiga þessa skrift, hana ætti Sigurbjörg Halldórsdóttir, starfsmaður C.& L.

Vitnið Gunnar Egilsson sagði, að í árslok 1990 hefði slitnað upp úr sam-

starfi þeirra Þórðar, aðallega vegna sölu á bátnum, sem hefði verið ákveðin, án þess að leitað væri álits eða samþykkis vitnisins. Upp úr því kvaðst vitnið hafa keypt hlut Þórðar og bátinn og þar með eignast hvort tveggja. Upp frá því hefði ekki verið um frekara samstarf þeirra að ræða. Vitnið kvaðst ekki hafa gefið ákærða heimild til lántökunnar, og yfirfærsla lánsins frá Sigurpáli yfir á Hvol hefði ekki verið til umræðu, er hann keypti bátinn og þar með Sigurpál hf. Ekki kannaðist vitnið heldur við það, að Þórður hefði nefnt það í sín eyru, að hann hefði lánað ákærða. Framburður vitnisins var þó ekki afdráttarlaus að þessu leyti, en vitnið taldi sig þó vita lítið um málið. Á vitninu var helst að skilja, að ef Þórður lánaði á annað borð peninga út úr rekstrinum, hefði Þórður gengið þannig frá málum, að tryggingar lægju þar að baki og gjarnan í víxilformi. Ekki kvaðst vitnið minnst þess að hafa heyrt Þórð tala um tryggingarvixil í sambandi við ákærða, og það kannaðist ekki við tilvist slíks víxils í bókhaldi Sigurpáls hf., sem vitnið fékk í hendur, er það eignaðist félagið.

Vitnið Magnús Gíslason, útibússtjóri Landsbankans á Selfossi, kvaðst ekki hafa í fljótu bragði séð, að möguleikar væru á hagsmunaárekstri, þó að ákærði tæki að sér aukastörf í þágu fyrirtækja Þórðar jafnframt störfum sínum í bankanum. Kvaðst vitnið hafa látið það óátalið og litnið svo á, að ákærða veitti ekki af að hafa einhverja aukavinnu. Vitnið kannaði ekki, hvort lagalegar forsendur væru fyrir slíku, og ráðfærði sig ekki við lögmann bankans um það. Vitnið staðfesti, að Sigurpáll hf. hefði átt afurðalánareikning í bankanum á þessum tíma. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið fyrir í bankanum, er vitnið tók við útibússtarfinu um mitt ár 1985. Vitnið kvaðst fallast efnislega á það, sem fram kæmi í kærubréfi lögmanns bankans, en sagði, að það væri þó ekki rétt, sem þar kæmi fram, að Þórður hefði borið upp munnlega kærnu við sig. Þórður hefði rætt við afgreiðslustjóra Landsbankans á Eyrarbakka, sem er útibú frá bankanum á Selfossi, og í framhaldi af því, þ. e. í maí 1994, hefði sá maður rætt við sig um málið. Þá fyrst kvað vitnið sig hafa grunað, að ekki væri allt með felldu. Ekki vildi vitnið þó fortaka, að Þórður hefði síðar, er vitnið ásamt lögmanni bankans átti samræður við Þórð og lögmann hans um málið, borið upp slíka munnlega kærnu. Vitnið lagði áherslu á, að Þórður hefði aldrei rætt málið við sig persónulega. Vitnið sagði, að útgerðarlánið, að fjárhæð 1.350.000 kr., hefði gefið fullt tilefni til þess, að lántakan færi um sínar hendur til samþykktar. Það hefði ekki verið gert. Vitnið kvað það algengan framgangsmáta í þessu sambandi, að útgerðaraðili bæði um, að útgerðarlánið væri hækkað eða að viðkomandi fengi út gefið nýtt lán. Viðkomandi útgerðarreikningur væri síðan skuldfærður fyrir upphæðinni, en andvirði lánsins lagt inn á viðskipta-

reikning viðkomandi lántaka. Vitnið sagði ekki rétt að tala um afurðalána-reikning í þessu sambandi, heldur útgerðarlánareikning, því að hér væri um að ræða lán til útgerðar, sem væri endurgreitt með hluta af afla síðar. Vitnið sagði það ákaflega óalgengt, að útgerðarlán, eins og hér um ræddi, væri afgreitt með greiðslu tékka, og mundi vitnið ekki eftir öðru dæmi en því, sem í málinu greindi. Vitnið taldi ekki óeðlilegt, þótt innra eftirlit bankans hefði ekki séð, að um óeðlilega hluti væri að ræða, og sagði það fullkomlega mögulegt, að svona lagað færi fram hjá eftirlitinu.

Pegar athygli vitnisins var vakin á því, að á lánveitingaeyðublaði því, sem verjandi ákærða hefði lagt fram í málinu varðandi fyrsta lánið, að fjárhæð 1.350.000 kr., hefði verið krossað yfir bankareikningstilgreiningu, en vélritað lán út á víxil frá S.P.S., kvaðst vitnið telja mögulegt, að slíkt færi fram hjá gjaldkera, sem læsi ekki skjalið orði til orðs og treysti, að viðkomandi starfsmaður, í þessu tilfelli ákærði, færi ekki fram á, að þeir aðhefðust eitt-hvað, sem þeir mættu ekki gera.

Eftir að búið var að selja Pál, ÁR-401, kvaðst vitnið nokkrum sinnum hafa orðað það við Þórð, að samkvæmt reglum bankans þyrfti hann að gera upp lánið, en ávallt fengið þau svör frá Þórði, að endurskoðandi sinn væri að skoða málið. Ekki kvaðst vitnið minnst þess, að Þórður hefði orðað það við sig, að hann hefði lánað ákærða peninga.

Öll framangreind vitni gáfu skýrslu við lögreglurannsókn málsins, en eins og að framan greinir, lést Þórður Þórðarson, áður en til þess kæmi, að hann staðfesti skýrslu sína fyrir dómi.

Vitnið Sigfús Þórðarson, skrifstofustjóri Landsbanka Íslands, Selfossi, sagði, að þegar nýju láni væri bætt við fyrirliggjandi útgerðarlán, þ. e., að viðkomandi útgerðarmaður hækkaði lánið með aukaláni, gæti það gerst eftir símtal við viðkomandi útgerðarmann. Bankastarfsmaðurinn skrifaði síðan nótu fyrir aukaláninu, og þótt gert væri ráð fyrir því, að aukalánið yrði samþykkt af bankastjóra eins og upphaflega lánið, væri viss sjálfvirkni í gangi, og skrifað væri undir lánveitingu án mikillar umfjöllunar. Vitnið upplýsti, að prentuð eyðublöð fyrir lánveitingu á útgerðarlánnum, lánveitinganótur, væru gefin út í þremur eintökum. Frumritið fengi viðkomandi viðskiptavinur, eitt eintakið færi til gjaldkera, og þriðja eintakið væri geymt í afurðalánadeild. Eintaki því, sem lagt hefði verið fram að tilhlutan verjanda ákærða, hefði ekki borið saman við það eintak, sem fundist hefði í fylgiskjalapoka. Á eintakið, sem fundist hefði í afurðalánadeild, hefði verið vélritað, að það ætti að ganga inn á tryggingarvíxil ákærða, en hitt afritið, sem fundist hefði í fylgiskjalapokanum, bæri enga slíka tilgreiningu. Ósamræmi væri þarna milli fylgiskjala. Á vitninu var að skilja, að eintakið, sem

fundist hefði í fylgiskjalapokanum, væri fullkomlega eðlilegt, enda væri þar tilgreint, að þetta tiltekna útgerðarlán, 1.350.000 kr., gengi inn á viðskiptareikning Sigurpáls hf. í bankanum, nr. 1870. Það væri hitt eintakið, sem fundist hefði í afurðalánadeild, ekki af fyrrgreindum ástæðum. Vitnið taldi loks, að eyðublöðin væru þannig forrituð í tölvuna, að ekki væri hægt annað en tilgreina viðskiptareikning viðkomandi til útprentunar. Því þyrfti að vérlita inn á það eintak, sem ekki sýndi slíka tilgreiningu, líkt og gert hefði verið við það eintak, sem fundist hefði í afurðalánadeild.

Hallgrímur Þorsteinsson endurskoðandi sagði, að þegar farið var að loka bókhaldi Sigurpáls hf. við sölu fyrirtækisins, hefði ekki verið um annað að ræða en færa útborgunina af útgerðarláninu yfir á viðskiptareikning Þórðar sjálfs sem skuld hans við Hvol hf., og einfaldlega litið svo á, að þar sem engin fylgiskjöl væru fyrir þessari úttekt, væri bókhaldslega ekki hægt að hafa annan hátt á.

Sigurvin Jensson Sigurvinsson staðfesti að hafa farið með tékka, að fjárhæð 84.600 kr., fyrir ákærða í Samvinnubankann á Selfossi að beiðni ákærða 11. apríl 1990 og framselt hann þar, en mundi ekki sérstaklega eftir þessu atviki. Ekki taldi hann þó, að hann hefði haft nein afnot af þessum peningum. Sigurvin kvaðst ekki hafa verið beiðinn að gefa skýrslu við lögreglurannsókn málsins. Þá sagði hann, að það hefði sennilegast verið einhvern tíma eftir áramót 1990, að ákærði hefði kallað á sig og það orðið úr, að hann settist inn í bíl hjá ákærða og þeir farið niður á Eyrarbakka. Sagði hann ákærða hafa sagt við sig, að hann ætlaði að afhenda tryggingarvixil. Kvaðst Sigurvin muna eftir, að hann hefði handfjatlað víxilinn og sig minnti, að hann hefði verið að fjárhæð 11 til 12 hundruð þúsund krónur. Ferðinni hefði verið heitið að heimili Þórðar á Eyrarbakka, og þar hefði hann séð ákærða afhenda Þórði víxilinn; ákærði hefði staðið í tröppunum og Þórður í dyrunum.

Vitnið Guðný Ólafsdóttir, fyrrverandi eiginkona ákærða, sagði, að fjárhagsstaða þeirra hjóna hefði verið slæm um áramótin 1989 til 1990 og staðið til að selja hús þeirra á nauðungarsölu. Hins vegar hefði tekist að afstýra því og ákærði sagt sér, að Þórður hefði ætlað að lána sér peninga til að koma láni í skil. Í kjölfarið hefði uppboðið verið afturkallað. Vitnið minnti, að fjárhæð sú, sem ákærði hefði talað um í þessu sambandi, hefði verið ein milljón króna. Vitnið taldi, að um aðeins eitt einstakt tilvik hefði verið að ræða, og vissi ekki til þess, að Þórður hefði oftár lánað ákærða peninga. Ekki grennsaðist vitnið fyrir um það hjá Þórði, hvort ákærði fór hér með rétt mál. Vitnið minntist þess ekki að hafa séð eða handfjatlað tryggingarvixil tengdan ætlaðri lántöku ákærða hjá Þórði.

Vitnið Ólöf Benediktsdóttir, móðir ákærða, sagðist hafa gefið út tryggingarvixil, að fjárhæð 1.350.000 krónur, að því er vitnið minnti, 23. janúar 1990. Að sögn vitnisins var tilefnið það, að ákærði talaði við Þórð í síma á heimili vitnisins, og í framhaldi af því og eftir að vitnið hafði gefið vixilinn út, kvað vitnið ákærða hafa farið með vixilinn heim til Þórðar. Vitnið vissi ekki, hvort ákærði fór þangað einn, en sagði, að Þórður hefði aldrei krafið sig um greiðslu á vixlinum.

Vitnin Hallgrímur Þorsteinsson, Sigfús Þórðarson, Sigurvin Jensson Sigurvinnsson, Guðný Ólafsdóttir og Ólöf Benediktsdóttir gáfu ekki skýrslu við lögreglurannsókn málsins.

Auk framangreindra vitna komu einnig fyrir dóminn vitnin Þorgrímur Óli Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, sem staðfesti skýrslugerðir sínar í málinu og skýrði rannsóknarhætti, og Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður.

Áður en vikið verður að niðurstöðu dómarans varðandi ákæruatriði (kafla VIII), þykir rétt að fjalla sérstaklega (kafla VII) um lögreglurannsókn málsins og þá sérstaklega, hvort slíkar brotalamir séu á henni, að ekki verði talið, að kæra á hendur ákærða hafi á rannsóknarstigi hlotið réttláta málsmeðferð.

VII.

Eins og minnst hefur verið á hér að framan, er kæra Landsbanka Íslands efnislega í samræmi við ákærana. Þannig höfðu um mitt ár 1994 vaknað grunsemdir um, að ákærði hefði sem starfsmaður bankans gerst brotlegur í starfi með því að skuldfæra í heimildarleysi hátt útgerðarlán tiltekins viðskiptavinar bankans, Sigurpáls hf., og fénytt sér síðan lánið. Í kærinni er því síðan lýst, á hvern hátt talið var, að ákærði hefði farið að við brotið, þ. e. með því að láta líta svo út sem viðskiptavinurinn, Sigurpáll hf., hefði sótt um og tekið við útgerðarláninu (afurðaláni) og síðar yfirfært það yfir á útgerðarlánareikning (afurðalánareikning) annars viðskiptavinar bankans, Hvals hf., en forstjóri beggja fyrirtækjanna var Þórður Þórðarson, Hvoli, Eyrarbakka, sem lagt hafði fram munnlega kæru við bankann. Þá er því lýst hér að framan, hvaða gögn kærinni fylgdu.

Af kærinni mátti þannig vel ráða, í hverju ætlað brot var fólgið, þ. e., að ákærði hefði tekið í heimildarleysi út úr bankanum 1.810.900 krónur og látið líta svo út sem um afurðalán (útgerðarlán) fyrrgreinds viðskiptavinar væri að ræða. Í upphafi rannsóknar hefði hins vegar verið eðlilegt, að teknar væru skýrslur af kærendum, þ. e. þeim starfsmanni Landsbanka Íslands á Selfossi, sem best vissi um málið, og Þórði Þórðarsyni. Með þeim rannsókn-

arháttum hefði rannsókninni í upphafi verið markaður skýr og afdráttarlaus farvegur, og rannsóknari hefði fengið gleggri mynd af kæratriðum. Skýrsla sú, sem tekin var af ákærða, var hins vegar ýtarleg, en þar sem rannsóknin byrjaði með þessari skýrslu, var hætta á, að aðalatriði málsins fengju við upphaf skýrslugerðar ekki nógu skýra og afdráttarlausu meðferð. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ákærði hafi, er hann var við skýrslugerðina, afhent hljóðsnældu, sem ákærði taldi skipta máli við meðferð málsins. Þessa er ekki getið í skýrslunni, og gögn rannsóknara geta hennar ekki, en rannsóknari hefur staðfest að hafa hlýtt á hljóðsnælduna og varðveitt hana. Hér fyrir dómi hefur rannsóknari staðfest að hafa þekkt rödd ákærða og Þórðar á hljóðsnældunni.

Það voru mistök hjá rannsóknara að láta þess ekki getið í skýrslunni eða gögnum sínum, sem síðar voru send ríkissaksóknara, að ákærði hefði lagt fram hljóðsnælduna og teldi hana sönnunargagn í málinu. Við meðferð málsins hlustaði dómariinn hins vegar á hljóðsnælduna með málsaðilum, og endurrit af því, sem þar kemur fram, var þar einnig lagt fram. Dómariinn hefur því full tök á að meta sjálfstætt, hvaða sönnunargildi þetta gagn hefur í málinu. Þessi annmarki á rannsókninni á því ekki að valda ákærða réttarspjöllum. Rannsóknari getur þess skilmerkilega, í hverju ákærði taldi, að hin ætlaða fjárhagsaðstoð Þórðar væri fólgin, en hann kallaði ekki til yfirheyrslu móður ákærða og eiginkonu hans, sem báðar áttu að hafa skrifað á víxilinn. Þá var Þórður Þórðarson ekki sérstaklega spurður um tilvist tryggingarvíxilsins, og það voru alvarleg mistök hjá rannsóknara að kynna Þórði framburð ákærða við upphaf yfirheyrslu yfir vitninu, í stað þess að spyrja áður vitnið Þórð sjálfstætt um kæratriði. Við meðferð málsins var kappkostað að bæta úr þessum annmörkum, og móðir ákærða og fyrrverandi eiginkona hans komu fyrir dóminn, og þessi málsvörn ákærða setti þar ýtarlegri meðferð. Þótt skort hafi á, að lögreglurannsóknin væri hlutlæg að þessu leyti, getur dómariinn við dómsniðurstöðu stuðst við það, sem upplýst hefur verið við meðferð málsins um tilvist tryggingarvíxilsins, og lagt hlutlægt mat á það, hvaða þýðingu þessi málsvörn hefur fyrir málið.

Nokkrir aðrir ágallar eru á rannsókninni, en þeir hafa þó ekki nein úrslitaáhrif á meðferð málsins. Rétt þykir þó að geta þeirra hér. Rétt hefði verið af rannsóknara að taka skýrslu af vitninu Sigurvini J. Sigurvinnssyni, enda var það vitnið Sigurvin, sem annaðist tiltekinn erindrektur fyrir ákærða, og nafn vitnisins var sem framseljandi á tékka, að fjárhæð 84.600 kr. Við rannsókn málsins hafði ákærði hins vegar ekki minnst á það, hvernig hann kom umræddum tryggingarvíxli í hendur Þórði, og var því ekkert tilefni fyrir rannsóknara að kalla vitnið til vitnisburðar sérstaklega út af

tryggingarvaxlinum. Það var rangt af rannsóknara, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, að taka við yfirlýsingu frá vitninu Magnúsi Gíslasyni, sem fól í sér viðbót við framburð vitnisins, án þess að taka skýrslu af vitninu, og eðlilegt hefði verið, að rannsóknari hefði kallað vitnið Hallgrím Þorsteinsson endurskoðanda til skýrslugjafar. Ljóst er hins vegar, að þetta vitni hafði að beiðni Þórðar rekið eftir því við Landsbanka Íslands, Selfossi, og þar á meðal ákærða sjálfan, að aflað yrði gagna, sem síðar reyndust hafa úrslitaþýðingu fyrir málið. Skýrsla af vitninu hefði væntanlega einnig gert allt málið skýrara.

Þótt rannsóknara hafi í ýmsum greinum verið mislagðar hendur, eru ekki þær brotalamir á rannsókninni, að ríkissaksóknara væri ekki fært á grundvelli lögreglurannsóknarinnar og þeirra gagna, sem henni fylgdu, að höfða opinbert mál á hendur ákærða. Hitt er hins vegar alveg ljóst, að það hefði auðveldað mjög meðferð málsins, ef rétt hefði verið staðið að lögreglurannsókninni. Þótt ríkissaksóknari hefði getað á grundvelli fyrirbyggjandi lögreglurannsóknar gefið út ákæru í málinu, hefði það verið sjálfsagt mál fyrir hann að mæla fyrir um frekari rannsókn á grundvelli 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991, svo málið yrði sem best búið, er það kæmi til meðferðar fyrir dómi.

VIII.

Hljóðsnalda sú, sem ákærði hefur lagt fram í málinu, hefur ekkert sönnunargildi. Afar erfitt er að átta sig á því, hvað ákærði var þar að ræða við viðmælanda sinn, því að efnisatriði eru slitin úr samhengi og efnið því allt lítt skiljanlegt. Í þessu sambandi verður ekki heldur horft fram hjá því, að ef það var tilætlan ákærða að fá það staðreynt, að Þórður hefði tekið við tryggingarvaxli, að fjárhæð 1.350.000 kr., átti hann að fela lögregluyfirvöldum að afla þessa gagns, en það gerði hann ekki. Þótt ekkert verði fullyrt um það, hvenær ákærði hljóðritaði samtalið, má leiða líkur að því, að það hafi gerst í kjölfar þess, að ákærði var af yfirmönnum sínum og Endurskoðunarmiðstöðinni Coopers og Lybrand þrásinnis spurður um skuldfærslu varðandi útgerðarlánið og gögn í því sambandi. Ákærða minnir, að hann hafi tekið viðtalið upp í ársbyrjun 1994, en þá var Endurskoðunarmiðstöðin Coopers og Lybrand einmitt farin að reka verulega á eftir gögnum frá ákærða.

Með játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi á tímabilinu frá janúar til ágúst 1990 komið því til leiðar, að gefnir voru út fimm tékkar á reikning Landsbanka Íslands, Selfossi, nr. 80282, að fjárhæð 1.810.900 kr., og fénýtt andvirði þeirra í eigin þágu til greiðslu á uppboðs- og vaxilskuld. Ákærði framseldi alla tékkana í nafni Sigurpáls hf., en tékkafjárhæðirnar voru

skuldfærðar sem útgerðarlán Sigurpáls hf. nr. 42007, enda hafði ákærði framvísað lánveitinganótum, sem bentu til þess, að um slíka lánveitingu væri að ræða, er tékkarnir voru gefnir út.

Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að ákærði hafi haft heimild til að láta skuldfæra Sigurpál hf. fyrir láni þessu. Í því sambandi ber að hafa í huga, að ákærði hafði ekki, svo að séð verði, tryggt sér heimild forsvarsmanna Sigurpáls hf. til skuldfærslunnar, og ósannað er, að Þórður Þórðarson, þáverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sigurpáls hf., hafi þá eða síðar heimilað ákærða slíka skuldfærslu. Þykir þannig ekki varhugavert að telja nægilega sannað gegn andmælum ákærða, að um heimildarlausa skuldfærslu hafi verið að ræða og úttektir þessar því ranglega skuldfærðar sem útgerðarlán Sigurpáls hf.

Ljóst má vera, að ákærði hefði ekki getað komið skuldfærslunni í kring, ef hann hefði ekki verið samtímis því að vera yfirmaður afurðalánadeildar Landsbanka Íslands, Selfossi, og eini starfsmaður þeirrar deildar jafnframt haft með höndum bókhaldsstörf fyrir Sigurpál hf. Hann vissi þannig mæta-vel, hvaða gögnum þyrfti að framvísa, til að slík lánveiting færi í gegnum bankann, og sem starfsmaður Sigurpáls hf. var auðvelt fyrir hann að nálgast stimpil fyrirtækisins við framsal á tékkunum, sem stílaðir voru á Sigurpál hf. Ákærði misnotaði þannig með grófum hætti það traust, sem hann naut hjá starfsmönnum bankans og yfirmönnum sínum þar sem og vinnuveitanda sínum, útgerðarfyrirtækinu, til að auðgast í eigin þágu á kostnað útgerðarinnar.

Þótt ákærði hafi haldið því fram, að hann hafi haft heimild forsvarsmanns Sigurpáls hf. til lántökunnar, kaus hann að halda því leyndu fyrir yfirmönnum sínum í bankanum. Skýringar ákærða á nauðsyn slíkrar leyndar eru lítt trúverðugar, enda mátti honum ljóst vera, að slík leynd hlaut að kalla fyrr eða síðar á rannsókn á embættisfærslu sinni. Ef ákærði hafði hug á að halda starfi sínu innan bankans, valdi hann hér versta kostinn.

Ósannað er með öllu, að tryggingarvígill, að fjárhæð 1.350.000 kr., hafi nokkurn tíma verið gefinn út, er fyrsta lánið kom til útborgunar 24. janúar 1990 eða síðar. Það vekur furðu, að ákærði, sem starfs síns vegna var þaulkunnugur verðbrefaviðskiptum, skyldi láta hjá líða að taka ljósrit af víxlínum, er hann hafði verið útfylltur og móðir hans og eiginkona skrifað nöfn sín á víxlínum, en ákærði lítur svo á, að tilvist víxilsins skipti höfuðmáli fyrir niðurstöðu í málinu. Þá er þess að geta, að vitnið Guðný Ólafsdóttir kannast ekki við að hafa ritað nafn sitt á slíkan víxil. Þótt ákærði hafi við meðferð málsins tengt kunningja sinn, Sigurvin J. Sigurvinsson, við afhendingu víxilsins til Þórðar, minntist hann ekki einu orði á það við lögreglurannsókn

málsins. Eftir stendur, að ósannað er með öllu, að víxill þessi hafi nokkurn tíma verið gefinn út eða ætluð tilvist hans skipti máli fyrir niðurstöðu málsins.

Af framburði vitnisins Magnúsar Gíslasonar, útíbússtjóra Landsbanka Íslands á Selfossi, er ljóst, að engan starfsmanna Selfossútibús grunaði, að eitthvað óhreint væri á ferðinni, og þótt lánið væri greitt út með tékkum, sem er afar óvenjulegt, gaf það að mati vitnisins ekki tilefni til viðbragða af hálfu innra eftirlits bankans. Sú staðreynd, að ekki var leitað eftir uppáskrift vitnisins, áður en lánið var veitt, virðist ekki heldur hafa kallað eftir sérstökum viðbrögðum af hálfu eftirlitsaðila, en vitnið Sigfús Þórðarson hefur upplýst, að svokölluð aukalán gátu komið til afgreiðslu, án þess að bankastjóri hefði samþykkt lánsúmsókn. Yfirfærsla lánsins yfir á Hvol hf., sem Þórður Þórðarson veitti forstöðu, var ekki sérstaklega fallin til að vekja upp grunsemdir hjá bankayfirvöldum, enda gat það verið liður í því, að óuppgert útgerðarlán færdist yfir á þetta fyrirtæki Þórðar, þegar fyrirtækið Sigurpáll hf. var selt Gunnari Egilssyni. Bæði voru þessi fyrirtæki viðskiptaaðilar Landsbanka Íslands, Selfossi, og var viðskiptareikningur Sigurpáls hf. nr. 1870. Ákærði segir Þórð hafa beðið sig að færa lánið yfir á Hvol hf., er upp úr samstarfi Halds og Hvols slitnaði árið 1990. Því neitar Þórður í lögregluskýrslu 13. september 1994. Á þetta sjónarmið Þórðar má fallast. Ákærða var óheimilt að ganga frá slíkri ráðstöfun, enda til lánsins stofnað án heimildar Þórðar, og átti lánið því ekki samleið með öðrum óuppperðum útgerðarlánum Sigurpáls hf. nr. 44010. Ekkert liggur fyrir í málinu, sem bendir til þess, að Þórður hafi heimilað ákærða slíka yfirfærslu. Þótt yfirlýsing, sem gefin var út af ákærða og bankastjóranum 22. janúar 1992, sé orðuð með þeim hætti, að bankinn samþykki yfirfærslu útgerðarláns Sigurpáls hf. á Hvol hf., fól það á engan hátt í sér, að Þórður hefði samþykkt þessa sérstöku lántöku eða yfirfærslu hennar á Hvol hf., en eins og að framan greinir, var láninu hér blandað saman við önnur óuppperð útgerðarlán Sigurpáls hf. við fyrrgreinda sölu fyrirtækisins. Framburður Hallgríms Þorsteinssonar endurskoðanda og Þorsteins Júlíussonar, lögmanns Þórðar heitins, bendir ekki til þess, að Þórður hafi nokkurn tíma samþykkt lántökuna eða ráðstöfun lánsins yfir á Hvol hf. 4. september 1990. Framburður vitnisins Gunnars Egilssonar er ekki heldur í andstöðu við slíka niðurstöðu. Með vísan til þess, sem að ofan greinir, var yfirfærsla ákærða á skuldinni á Hvol hf. sem útgerðarlán nr. 43011 bæði röng og heimildarlaus.

Samkvæmt því verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt lýst. Ákærði hefur þannig gerst sekur um fjárdrátt og með því brotið gegn 1. mgr. 247. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærði framdi brot sitt, var hann starfsmaður Landsbanka Íslands, Selfossi, og því opinber starfsmaður. Verður refsing ákærða því ákveðin með hliðsjón af 138. gr. sömu laga.

Ákærði, Snorri Þór Snorrason, er sakhæfur, en hann er fæddur 3. desember 1958. Hann hefur hreint sakavottorð.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að ákærði misnotaði gróflega aðstöðu sína bæði innan bankans og utan til að draga sér fé og leyna brotinu. Með hliðsjón af því þykir refsing ákærða samkvæmt áðurgreindum lagagreinum hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingimundar Einarssonar hdl., 250.000 krónur. Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi, annaðist sókn málsins hér fyrir dómi.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snorri Þór Snorrason, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingimundar Einarssonar hdl., 250.000 krónur.